

Reykjavík 10. júlí 2001.

Skýrsla Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um starfssemi nefndarinnar árið 2000.

Tvö mál bárust nefndinni á árinu.

Mál nr. 1/2000: Í máli þessu kærði Íslandssími hf. til nefndarinnar höfnun Póst- og fjarskiptastofnunar um úthlutun til fyrirtækisins á símanúmerinu 111 vegna upplýsingaþjónustu. Staðfesti nefndin ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, m.a. með þeim rökum að Póst- og fjarskiptastofnun hefði skv. l. 107/1999 um fjarskipti og l. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. reglur nr. 6/1999, allan rétt til að ákveða fyrirkomulag um úthlutun númera, þ.m.t. stuttnúmera, enda væri í þeim efnum gætt jafnræðis og málefnalegar forsendur látnar ráða að öðru leyti. Taldi nefndin að þessum skilyrðum hefði verið fullnægt við þessa ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Mál nr. 2/2000: Í máli þessu kærði Landssími Íslands hf. þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að lækka fastagjald fyrir heimilis- og atvinnusíma frá því sem stofnunin hafði áður ákveðið, þar sem WACC gildi Landssímans (weighted average capital cost) árið 1999 hefði ekki legið fyrir, þegar upphafleg ákvörðun um fastagjaldið var tekin og að WACC gildi fyrirtækisins hefði breyst verulega á milli árana 1998/1999 vegna endurmats á eignum þess.

Nefndin felldi úr gildi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um lækkun fastagjaldsins, m.a. með þeim rökum að Póst- og fjarskiptastofnun hefði við upphaflegu ákvörðunina um fjárhæð fastagjaldsins stuðst við WACC gildi Landssímans hf. fyrir árið 1998 enda þótt hún hefði mátt vita að endurmat fór þá fram á eignum fyrirtækisins. Að enginn fyrirvari hafi verið gerður í þeim efnum og því hafi Landssíminn hf. mátt ætla að um endanlega ákvörðun hefði verið að ræða.

Í nefndinni sátu sem aðalmenn Ólafur Axelsson hrl. formaður, Heimir Haraldsson framkvæmdastjóri og Guðjón Kárason verkfræðingur. Varamenn voru Ólafur Garðarsson hrl., Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur.